Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Waldorfleikskólinn Sólstafir

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1. Greinargerð stjórnar leikskólans 4
2. Innra leikskólans fyrir 2025-2026 6
Starfsmat 6
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 7
Grunnþættir waldorf kennslu í vinnu við nýja námskrá leikskólans. 7
Leikefni inni á deildum 8
Húsbúnaður inni á deildum 8
4. Starfsþróunarsamtöl 9
5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans 9
Áherslur starfsþróunar 9
Helstu áhersluþættir 9
Samstarf og deildarvinna 10
Námsferð 10
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva 11
7. Foreldrasamstarf 12
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal 13
Starfsdagar 13
Skipulag starfsdaga og starfsmannafunda 2026 –2027 13
9. Innra mat 13
Stjörnuloft (Sól) 13
Fiðrildadeild (Núna Norðurljós) 14
Mánaloft (núna Máni) 15
Bjartaland (núna Stjarna) 16
9.1 Umbótaáætlun deilda 17
Umbótaáætlun Sól og Mána 17
Umbótaáætlun Stjörnu 18
Umbótaáætlun Norðurljósa 19
Umsögn foreldraráðs 21
Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans 22

1. Greinargerð stjórnar leikskólans

Skólaárið 2025–2026 hefur einkennst af seiglu og úrræða góðum lausnum í Waldorfleikskólanum Sólstöfum. Í janúar hóf störf nýr leikskólastjóri sem er með góða reynslu af stjórnun og Waldorfkennslu og er hann kærkomin viðbót við stjórnunarteymið.

Á skólaárinu voru fjórar deildir starfandi við leikskólann með flottum hópi barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Áhersla var lögð á að skapa rólegt, nærandi og öruggt umhverfi en vegna veikinda í stjórnenda hópnum voru ekki gerðar frekari áætlanir um innleiðingu eða vinna við umbætur á leikskólastarfinu á vorönn. Þegar nýr leikskólastjóri kom í hópinn myndaðist rými til að skoða ýmislegt sem okkur langar að endurskoða og þróa.

Endurskoðun skólanámskrár hélt áfram með það að markmiði að styrkja faglegt starf og gera sýn leikskólans skýrari fyrir starfsfólk og foreldra. Með nýju stjórnunarteymi var ákveðið að endurhugsa þá sýn sem að við höfum á námskránna og er nú verið að vinna með þá hugmynd að námsskráin standi fyrir þá hugmyndafræði og þá kjarnahugsun sem að einkennir leikskólann. Við viljum að námskráin kynni hjarta og anda leikskólans og að meðfylgjandi verði síðan verklagsbók sem skýrir aðferðafræði náms sem að farið er eftir í leikskólanum og það verklag sem ætlast er til að farið sé eftir.

Nafnabreytingar hafa verið gerðar á deildum sem taka gildi næsta leikskólaár. Óskað var eftir tillögum frá starfsfólki og foreldrum eldri barnanna en að lokum var það stjórn Sólstafa sem að tók endanlega ákvörðun.
Nafnið Sólstafir kom til stofnenda skólans þegar þau voru að velta fyrir sér hvaða hugmynd ætti að liggja á bak við nafnið en einmitt þá birtust einstaklega fallegir sólstafir á himninum og þá var ekkert um annað nafn að velja.
Okkur langaði að nöfn deildanna hefðu einhverja tengingu við bæði sögu leikskólans og Waldorf uppeldisfræðina og var því ákveðið að hafa þau tengd himna fyrirbærum eins og sólstafir eru en einnig hafa þau tengingu við hugmyndafræðina á bak við uppeldisfræðina.

Niðurstaðan var sem sagt eftirfarandi og við byrjum á yngstu deildinni:

- Bjartaland verður **Stjarna**
- Mánaloft verður **Máni**
- Stjörnuloft verður **Sól**
- Fiðrildi verður **Norðurljós**

Mikil áhersla hefur verið lögð á samstarf og samráð innan stjórnendateymis og milli deilda. En í starfsmati sem að allt starfsfólk tók þátt í kom það skýrt fram að starfsfólk vill frekara samstarf í víðum skilningi. Daglegir stöðufundir deildarstjóra hafa reynst vel til að samræma starf dagsins og styðja við flæði í leikskólastarfinu. Vikulegir deildarstjóra og stjórnendafundir og reglulegir lausnateymis fundir með sérfræðingum frá Norðurmiðstöð hafa einnig styrkt utanumhald og stuðning við börn og starfsfólk.

Við erum mjög ánægð hvað starfsfólkið sýnir mikinn áhuga á að fræðast og læra meira um waldorf kennslufræði og almennt um leikskólamál. Í haust fór flest starfsfólk á áframhaldandi námskeið í waldorf kennslufræðum en um vorið var farið í fyrsta hluta. Á næsta ári er verið að skipuleggja námsferð til Dornach í Swiss. Þar er fyrirhugað að fara á námskeið í waldorf kennslufræðum og skoða okkur um í skólum og umhverfi þeirra.

Á síðasta ári tók gildi nýr þjónustusamningur við Reykjavíkurborg sem felur meðal annars í sér tengingu við Völu innritunarkerfi borgarinnar. Með þeirri breytingu höfum við fengið betri yfirsýn yfir raunverulega eftirspurn eftir leikskólaplássum og upplifum aukinn sýnileika gagnvart fjölskyldum sem leita að Waldorfleikskóla fyrir börn sín.

Við í Waldorfleikskólanum Sólstöfum erum ánægð með leikskólaárið sem er að líða. Þó að áskoranir séu ávallt hluti af leikskólastarfi finnum við fyrir sterkum grunni, samhentu starfsfólki og jákvæðri þróun innan leikskólans.
Við hlökkum til að halda áfram að þróa hlýlegt og skapandi skólastarf í anda Waldorfstefnunnar, þar sem börn fá tækifæri til að þroskast á eigin forsendum í gegnum leik, sköpun og daglegt líf.

Skólastjórn Waldorfleikskólans Sólstafa

2. Innra leikskólans fyrir 2025-2026

Hvað var metið?	Starfsmat
Starfsþróunar mat	Matið fór fram á starfsdegi í febrúar. Allt starfsfólk fékk eyðublað með nokkrum spurningum. Síðan var hópnum skipt í minni hópa þar sem spurningar og svör voru rædd. Teknar voru niður niðurstöður hópsins sem voru síðan ræddar þegar allt starfsfólk kom saman. Meðan á því stóð voru teknar niður aðal niðurstöður hópana.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Gögn sem unnið var úr ● Skrifleg gögn einstaklinga ● Skrifleg gögn hópa ● Niðurstöður loka fundar alls starfsfólks En er verið að vinna úr gögnunum en það sem að kom skýrt fram var ósk eftir frekari samstarfi og samvinnu í víðum skilningi. Sólstafir rekur bæði grunn og leikskóla og er eitt af tveimur fyrirtækjum sem að starfar eftir waldorfstefnunni á landinu. Einnig hefur leikskólinn sameinast á síðustu árum og er í stöðugri þróun. Það sem kom helst fram varðandi samvinnu var. ● Meiri samvinna og samfella milli deilda ● Samvinna innan skóla Sólstafa ● Samvinna við nærumhverfið og foreldra ● Samvinna á milli waldorf skólanna ***Úrvinnsla*** ● Samhliða gerð nýrrar námskrár munum við leggja áherslu á samvinnu milli deilda. ● Á sameiginlegum fundum og fundum stjórnar Sólstafa hefur verið farið yfir þau mál sem að snúa að samvinnu milli skólana og verður því. ● Áframhaldandi vinna er á áætlun

3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Grunnþættir waldorf kennslu í vinnu við nýja námskrá leikskólans.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Dýpka þekkingu starfsfólks á waldorf kennslu og efla sameiginlegan skilning á waldorff fræðum í daglegu starfi. Samræma sögur, söngva, fingraleiki, hátíðir og verkefni eftir árstíðum á öllum deildum. Byggja markvisst ofan á fyrri reynslu barna eftir aldri og þroska þannig að endurtekning og dýpkun fari saman.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Regluleg fræðsla á starfsmanna- og deildastjórafundum þar sem farið er yfir helstu þætti Waldorfstefnunnar, s.s. hrynjanda dagsins, eftirhermu, leik, sögur, söngva og fingra leiki. Lesefni og verkefni unnin sameiginlega.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haust 2026 – stöðugt yfir skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Mat framkvæmt á starfsmannafundum og deildastjórafundum, með umræðum og sjálfsmati starfsfólks. Fylgst með hvernig þekking birtist í starfi deilda.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Starfsfólk sýnir aukið öryggi í sínu starfi sem waldorf kennarar og samræmi sést milli deilda í áherslum og vinnubrögðum. Börn þekkja betur hrynjanda ársins og sýna öryggi og þátttöku í sameiginlegum söngvum, sögum og hefðum leikskólans.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Leikefni inni á deildum
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Fara yfir og greina leikefni og leik aðstæður barnanna og greina þörfina fyrir endurbótum eftir aldri og rými deildanna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fræða starfsfólk um þarfir barna í sjálfsprottnum leik og hvernig efniviður og rými nýtast við það.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og deildarstjórar í samstarfi við allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í nóvember 2026 – mars 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Mat framkvæmt á starfsmannafundum og deildastjórafundum byggt á athugunum inni á deildum á notkun á leikefni og tímalengd sjálfsprottins leiks.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin séu með leikefni við hæfi sem að ýtir undir sjálfsprottin leik þeirra, þ.e. hvetur þau til þess að nýta sér leikefnið á sjálfstæðan og sjálfsprotinn hátt sem að heldur þeim í leik í lengri tíma.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Húsbúnaður inni á deildum
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Stefnt er að að því að bæta aðstæður barna í matartímum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Finna góð tilboð og greina hver þörfin er og hvaða húsbúnaður hentar hverri deild
Ábyrgð	Stjórn leikskólans
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í nóvember 2026 - janúar 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið og greint af stjórn skólans á fundum
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin borði við góðar aðstæður þar sem þeim líður vel í matartímum. Að aðstaða fyrir starfsfólk sé viðunandi og samkvæmt reglum um vinnu aðbúnað.

4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fóru fram tvisvar á skólaárinu. Í lok desember voru tekin stutt stöðusamtöl og í júní fóru fram ítarlegri starfsþróunarsamtöl við allt starfsfólk.

Fyrir viðtölin fékk starfsfólk send umræðuefni í tölvupósti með fyrirvara. Umræðu punktarnir sneru meðal annars að líðan í starfi, samskiptum á vinnustaðnum, samstarfi innan deilda og upplifun starfsfólks af leikskólastarfinu almennt.

Starfsfólk var hvatt til að gefa sér góðan tíma til undirbúnings og ígrundunar fyrir samtölin.

Í starfsþróunarsamtölunum fékk starfsfólk tækifæri til að ræða eigin styrkleika, væntingar til starfsins, samskipti innan vinnustaðarins og faglega þróun. Góð þátttaka og opnar samræður einkenndu viðtölin og var klukkustund ætluð fyrir hvert samtal.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Markmið starfsþróunar á skólaárinu 2026–2027 er að efla faglegt starf leikskólans í anda Waldorfstefnunnar, styrkja samstarf starfsfólks innan deilda og skapa sameiginlegan faglegan grunn fyrir allt starfsfólk. Eftir því sem kostur er verður starfsfólki gefið tækifæri til að sækja sér fræðslu í waldorf og kennslufræðum bæði hér eða erlendis,

Áherslur starfsþróunar

- skólanámskrá leikskólans sem er í vinnslu
- umbótaáætlun skólaársins
- menntastefna leikskólans
- niðurstöður starfsþróunarsamtala
- þörf fyrir faglega fræðslu um Waldorfkennslu og þroska barna
- mikilvægi styrkra tengsla og samstarfs innan deilda og starfsmannahópsins í heild.

Helstu áhersluþættir

Lögð verður áhersla á að starfsfólk dýpki skilning sinn á grunngildum Waldorfstefnunnar og hvernig þau birtast í daglegu starfi leikskólans. Sérstök áhersla verður lögð á:

- hrynjanda dagsins og vikunnar
- mikilvægi kennarans sem fyrirmynd
- leikinn sem námsleið og úrvinnslu barnsins
- umhverfi leikskólans
- söng, sögur og árstíðabundnar hátíðir
- og tengsl barns við náttúru og sköpun

Samstarf og deildarvinna

Áhersla verður lögð á að efla samstarf innan deilda og styrkja samskipti starfsfólks. Unnið verður markvisst með:

- hlutverk og ábyrgð innan deilda,
- upplýsingaflæði,
- sameiginlega sýn,
- lausnamiðuð samskipti,
- og vellíðan í starfi.

Námsferð

Stefnt er að námsferð til Dornach í Sviss í júní 2027. Þar mun starfsfólki, bæði leikskóla og grunnskóla Sólstafa, bjóðast að fræðast um og styrkja þekkingu sína á waldorf kennslufræðinni. Í boða verða námskeið og fræðsla einnig verða skólar heimsóttir í nágrenninu.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskóli og grunnskóli Sólstafa starfa á sama svæði og því þekkja börnin skólalóðina og umhverfið vel áður en þau hefja grunnskólagöngu sína. Gott og náið samstarf er á milli skólastiganna með það að markmiði að skapa börnum öryggi og samfellu í námi og starfi en einnig að börnin læri af hvort öðru í dagsins önn.

Frá áramótum fara elstu börn leikskólans reglulega í heimsóknir í grunnskólann, að jafnaði einu sinni í mánuði. Þar kynnast þau starfsmönnum skólans, húsnæði og daglegu starfi. Börnin taka þátt í kennslustundum og vinna verkefni með nemendum í 1. bekk sem auðveldar þeim tilfærsluna yfir á næsta skólastig.

Leikskólakennarar og grunnskólakennarar vinna náið saman að skipulagningu og undirbúningi yfirfærslu barnanna milli skólastiga. Lögð er áhersla á að byggja upp traust og samfellu í reynslu barnanna.

Yfir skólaárið hittast nemendur leik- og grunnskólans við ýmis tækifæri og taka þátt í sameiginlegum verkefnum og hátíðum.

- Börn sem eru að fara í 1. bekk fara reglulega í heimsókn í grunnskóla Sólstafa á haustönninni og kynnast húsnæði skólans og kennurum.
- Í september er grunnskólinn með lífsleikni viku og fara þá börnin upp í Öskjuhlíð þar sem þau eru í svokallaðri drekaviku sem endar á Mikjálsmessu. Leikskólabörnin á síðasta ári fara í heimsókn upp í Öskjuhlíð og fá að upplifa stemninguna með grunnskólabörnunum.
- Á Marteinsmessu hittast leik og grunnskólabörn í luktargöngu með luktirnar sínar sem þau hafa gert og fara í svokallaða luktargöngu.
- Sameiginlegur jólabasar hefur alltaf verið á Sólstöfum og taka þá börn, foreldrar og starfsfólk þátt og vinna saman að fjáröflun fyrir skólana.
- Á vorin fer leikskólinn í sveitaferð og bjóða 1. bekk og stundum 2. bekk með í ferðina

7. Foreldrasamstarf

Í leikskólanum er lögð rík áhersla á að byggja upp sterkt og jákvætt samfélag þar sem samvinna foreldra og starfsfólks er mikilvægur þáttur í daglegu starfi. Foreldrar taka virkan þátt í lífi skólans og hafa í gegnum árin lagt fram dýrmæta krafta til uppbyggingar og þróunar leikskólans.

Á vinnudögum koma foreldrar saman með starfsfólki og taka þátt í fjölbreyttum verkefnum bæði innan- og utandyra. Þar má nefna framkvæmdir á leiksvæði, smíði og viðhald útileikfanga, fegrun skólalóðar og gróðursetningu. Samvinna af þessu tagi styrkir tengsl milli heimila og skóla og skapar börnunum jákvæða upplifun af samfélaginu sínu.

Jólabasarinn er einn af stærstu sameiginlegu viðburðum skólasamfélagsins. Foreldrar taka virkan þátt í undirbúningi hans, standa vaktir og leggja til fjölbreyttan varning. Tekjur af basarnum hafa nýst til að efla starfsemi leikskólans og styðja við ýmis þróunarverkefni.

Blóma -og fatamarkaðurinn sem foreldrar sjá um á sumarhátíðinni hefur einnig fest sig í sessi sem mikilvæg hefð innan skólans.

Foreldrafélag leikskólans er mjög öflugt og tekur virkan þátt í að efla skólasamfélagið. Þau standa að fjölbreyttum viðburðum og verkefnum sem stuðla að samveru, samvinnu og sterkari samfélagi.

Einnig hefur verið lögð áhersla á að skapa vettvang fyrir fjölskyldur til að hittast utan skólatíma, meðal annars með sameiginlegum viðburðum í anda Waldorfstefnunnar þar sem áhersla er lögð á náttúru, samveru og félagsleg tengsl.

Tvisvar á ári eru haldnir sameiginlegir foreldrafundir, að hausti og eftir áramót. Þar er farið yfir helstu áherslur skólastarfsins, framtíðaráform og fræðsla um áherslur í waldorf kennslu. Á haust fundinum er jafnframt kosið í foreldrafélag og foreldraráð skólans. Mæting og þátttaka foreldra á fundunum hefur almennt verið góð.

Í júní er nýjum foreldrum boðið á kynningarfund þar sem farið er yfir stefnu skólans, starfshætti og skipulag komandi skólaárs. Þar gefst foreldrum einnig tækifæri til að kynnast starfsfólki og öðrum fjölskyldum innan skólasamfélagsins.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Starfsmannafundir eru 10 sinnum á ári og starfsdagar 3. Sameiginlegt frí grunn og leikskóla eru yfir jólahátíðina og fyllir það upp í kröfu skóla og frístundaráðs um sameiginlega skipulagsdaga.

Starfsdagar

- 4. ágúst
- 16. og 18. júní

Skipulag starfsdaga og starfsmannafunda 2026 –2027

- klára leikskólanámskrá
- fræðslu um Waldorf kennslu og uppeldi
- skipulagningar innan deilda fyrir komandi vetur
- mat á skólaárinu
- endurskoðun umbótaþátta
- undirbúning næsta skólaárs
- sameiginlega sýn starfsfólks á áframhaldandi þróun leikskólans.

9. Innra mat

Stjörnuloft (Sól)

Á Stjörnulofti voru 18 börn starfsárið 2025–2026. Þar störfuðu fimm starfsmenn; einn í 100% starfi, tveir í 90% starfi og tveir í hlutastarfi. 1. Nóvember tók nýr deildarstjóri við starfinu.

Skipulag og nýtt upphaf

Það kom sér vel að barnahópurinn frá fyrra leikskólaári hélt áfram saman á sömu deild. Börnin voru örugg, þekktu hvert annað, reglurnar og daglega hrynjandanum. Þetta skapaði einnig góð tækifæri fyrir starfsfólk til að dýpka kennsluna og byggja áfram á þeim góða grunni sem þegar var til staðar.

Unnið var markvisst með félagsfærni, bæði í litlum hópum á deildinni og í sérkennslu. Lögð var áhersla á hlustun, tjáningu tilfinninga og samvinnu, sem skilaði sýnilegum og jákvæðum árangri í barnahópnum.

Innleitt var nýtt myndrænt skipulag yfir daginn og athafnir fyrir allan hópinn, með hlýlegum Waldorf-teikningum. Skipulagið vakti áhuga barnanna og studdi við öryggi þeirra í daglegum hrynjandanum.

Unnið var gagngert með að rýmið væri síbreytilegt að undan skyldum föstum punktum. Þetta var gert til að opna leikinn og skapa rými fyrir kveikjum og fjölbreytileika í frjálsa leiknum sem er svo gríðarlega mikilvægur.

Innleitt var að hafa hvíldar, lestrarhorn með dýnu og púðum sem hafði mikil jákvæð áhrif á deildina í heild. Þar voru í boði einungis 6 bækur í einu á sérstökum standi sem bar að ganga

um og virða vel. Bókunum var svo reglulega skipt út, ekki alltaf endilega fyrir nýjar en oft og skapaði þetta áhuga og virðingu hjá börnunum fyrir rýminu, fallegum bókum og hvort öðru.

Skapandi vinna

Mikil áhersla var lögð á skapandi. Unnið var með íslenska ull og kembu, bæði innandyra og utandyra.

Börnin þæfðu páskaegg og unga fyrir páskana og bjuggu til eigin grímubúninga. Mörg þeirra lærðu að fingraprjóna og vefa.

Í aðdraganda grímuballsins föndruðu börnin dýrabúninga úr ull og kynntust um leið ýmsum dýrum sem þau völdu að endurskapa.

Þessi verkefni ýttu undir sköpunargleði barnanna og stuðluðu að framförum í fínhreyfingum þeirra. Við lögðum mikla áherslu á ræktun og tengingu okkar við náttúruna í leik og söng.

Þæfðum fiðrildi og flugur fyrir árstíðar borðið og nostruðum við umhverfið okkar. Þannig ræktum við líka náungakærleika, virðingu og vináttu í verki.

Útskriftarverkefni elstu barna – leikrit

Hefð er fyrir því að elstu börnin sem hefja skólagöngu flytji útskriftar leikrit fyrir foreldra sína.

Deildarstjóri æfir leikritið með börnunum og allt starfsfólk tekur þátt í undirbúningi, meðal annars með gerð búninga. Þetta verkefni er mikilvægur þáttur í starfinu, þar sem það eflir sjálfstraust barnanna, samvinnu og tjáningu.

Út frá vinnu og áherslum vetrarins og ársins ákváðum við að setja upp Leikrit í anda sögunnar Rótarbörnin eftir Sybille von Beyer. Þar vakna Rótarbörnin af vetrardvala, vinna og syngja og þegar þau eru tilbúin fara upp á yfirborðið og vekja vorið og gleðjast með sumrinu og lífverum náttúrunnar þangað til það er aftur tími til að snúa heim í faðm jarðar. Þar flytjum við einnig þau fjölmörgu lög sem sungin hafa verið og er það mikil uppskera sem börnin geta vaxið upp í.

Tækifæri

Starfsmannavelta og veikindi höfðu áhrif á framkvæmd mats og verkefna á tímabilinu. Í ágúst mun nýr deildarstjóri taka yfir barnahópnum sem byrja á Stjörnulofti. Hann hefur verið lykilstarfsmaður deildarinnar þetta árið þannig að deildin fær þar að uppskera, dafna og njóta góðs af því.

Fiðrildadeild (Núna Norðurljós)

Starfsárið 2025–2026 einkenndist af stöðugleika, góðri samvinnu starfsfólks og áframhaldandi þróun á faglegu starfi deildarinnar. Áhersla var lögð á að fylgja eftir umbótaráætlun fyrra árs, sérstaklega í tengslum við barnaskoðanir, samþættingu sagna og skapandi vinnu, lýðræðislega þátttöku barna og samræmingu dagsrútínu.

Áhersla var einnig lögð á vellíðan barnanna, félagsfærni, sjálfstæði og virka þátttöku í daglegu starfi deildarinnar. Unnið var með skýran dagsrynjanda sem skapaði börnunum öryggi og festu í daglegu lífi.

Lögð var aukin áhersla á virka hlustun og þátttöku barna í daglegu starfi. Börnin tóku þátt í að móta einfaldar reglur og rætt var reglulega um samskipti, vináttu og sameiginlega ábyrgð.

Starfsfólk upplifði að börnin sýndu aukið sjálfstæði og meiri ábyrgð í leik og daglegum verkefnum. Einnig jókst meðvitund starfsfólks um mikilvægi þess að gefa börnum tíma og rými til að tjá sig.

Samþætting sagna og sköpunar

Unnið var markvisst með samþættingu sagna, árstíðatengdra verkefna og skapandi vinnu. Útbúin var sameiginleg hugmyndabók með verkefnum, efniviði og framkvæmd sem auðveldaði starfsfólki skipulagningu.

Börnin sýndu verkefnunum mikinn áhuga og meiri samfella náðist milli sögustunda og verklegra verkefna. Starfsfólk telur að þetta hafi styrkt ímyndunarafl, einbeitingu og þátttöku barnanna.

Endurskoðun dagsrútínu

Rútínur við fatahengi og útiveru voru skoðaðar sérstaklega í samstarfi við Stjörnuloft. Gerðar voru breytingar á skipulagi sem stuðluðu að meiri ró og skýrari verkaskiptingu starfsfólks.

Starfsfólk upplifði að flæði dagsins varð betra og að börnin fengu meiri tíma til sjálfstæðis við klæðnað og frágang.

Stækkun deildar

Deildin var aðlöguð að stærri barnahópi með nýjum fatahólfum og breytingum á rýminu. Skipulag deildarinnar var endurskoðað með það að markmiði að skapa betra flæði og nýta rýmið sem best.

Aðlögunin gekk vel og starfsfólk telur að vel hafi tekist til með undirbúninginn. Áfram þarf þó að skoða geymslupláss og aðstöðu fyrir efnivið.

- Styrkleikar starfsársins
- Góður og stöðugur starfsandi á deildinni.
- Skýr dagsrútína sem skapar öryggi og jafnvægi.
- Aukið samstarf og samræming milli deilda.
- Góð þátttaka barna í skapandi verkefnum.
- Aukinn sýnileiki lýðræðislegra vinnubragða í daglegu starfi.
- Sterk tenging við náttúru, árstíðir og umhverfi.

Tækifæri

- Halda áfram að þróa skráningu og eftirfylgni með barnaskoðunum.
- Efla enn frekar virka þátttöku barna í skipulagningu verkefna.
- Skoða leiðir til að minnka álag á álagstímum dagsins.
- Þróa áfram samvinnu milli deilda varðandi skipulag og rútínur.
- Auka fjölbreytni í skapandi verkefnum og efniviði.

Mánaloft (núna Máni)

Mánaloft þurfti að takast á við margs konar áskoranir síðasta leikskólaár sérstaklega vegna tíðra mannabreytinga, þar á meðal deildarstjóra skipti.

Ekki tókst að fylgja markmiðum síðustu starfsáætlunar en daglegt líf á deildinni hélt þó áfram með ágætum og tókst að halda deildinni opinni út árið.
Lögð var áhersla á að efla útivist og að gera verkaskiptingu aðgengilega og skýra fyrir starfsfólkið.

Tækifæri

Tækifærin felast aðallega að gera aðstöðu deildarinnar mun betri bæði varðandi húsgögn, leikefni og nýtingu rýmisins.

Einnig þarf að vinna markvisst með nýjum deildarstjóra að koma verklagi og dagskipulagi í fastar skorður svo auðveldara verði að vinna með faglega þætti deildarinnar.

Bjartaland (núna Stjarna)

Í vetur var eitthvað af breytingum og tilfærslum í starfsmannahópnumog gekk allt mjög vel. Börnin upplifðu öryggi í gegn um breytingaferlið. Og er þar að þakka góðu samstarfi foreldra og starfsmanna deildarinnar. Starfið í vetur hefur því verið töluvert krefjandi en jafnframt skemmtilegt.

Sýnilegt skipulag

Í vetur hefur allt skipulag verið gert sýnilegt og vita allir starfsmenn hvenær þau sinna verkefnum á þar til gerðri töflu. Þetta skapar öryggi og einfaldar daglegu hlutina fyrir starfsmenn. Einnig er þá einfaldara fyrir þá afleysinga starfsmenn að vita hvaða verkefnum þau sinna hverju sinni. Þetta tryggir einnig að ábyrgð sé dreift jafnt á starfsfólkið. Á töflunni eru líka verkefni sem annars eiga það til að gleymast eins og að tæma plast og pappa, vökva plöntur og fleira því líkt.

Aukin innsýn í starfið fyrir foreldra

Þar sem verið er að endurskoða myndbirtingar á lokuðum hópum á samfélagsmiðlum stefnum við að, að verði sent út bréf til foreldra mánaðarlega það sem farið verður ítarlega yfir mánuðinn á deildinni hverju sinni. Þar munu koma fram hvaða saga er sögð, hvaða texta við erum að syngja og hvaða verkefnum við erum að vinna í á deildinni hverju sinni.

9.1 Umbótaáætlun deilda

Eins og komið hefur fram í umbótaáætlun leikskólans mun vera lögð áhersla á samhæfingu milli deilda í vetur. Árstíðahringurinn er stór partur af okkar námskrá og fá að upplifa hann heildstætt í gegunum náttúruna sjálfa, söngva, sögur og umhverfi sitt í leikskólanum sínum eflir þeirra sjálfsmynd, málþroska og heilbrigt sjónarhorn á tilverunni.

Þetta mun vera aðal verkefni vetrarins á deildunum í vetur og munu stjórnendur skólans sjá til þess að verkefnið sé í takt við aldur og þarfir hverrar deildar.

Einnig verður farið yfir húsakost hverrar deildar fyrir sig heildstætt. Borð og stólar verða endurnýjuð, athugað með að leikföng henti hverjum aldri og settar upp hirslur það sem við á

Umbótaáætlun Sól og Mána

Mána og Sól börn fædd ´24-´23	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sjálfsprottinn leikur
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk deildana sé meðvitað um mikilvæi sjálfsprottins leiks og hafi þekkingu á að undirbúa rými, hafa til efnivið og gefi leiknum viðeigandi tíma í dagskipulaginu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fagfólk skólans mun leiðbeina starfsfólkinu í deginum og vera með fyrirlestra og vinnustofur
Ábyrgð	
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóv ´26til mars ´26
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Farið verður yfir árangur og athugasemdir á fundum og í viðtölum við deildastjóra og starfsfólk
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Stuðst verður við fyrirlestra og lesefni um leikinn.

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Myndrænt dagskipulag
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefnt er að því að öll börnin á deildunum geti nýtt sér myndirnar. Einnig að þetta sé verkfæri til þess að hjálpa einstaklingum sem eiga erfitt að átta sig á hrynjanda dagsins og geti náð ró og stjórn með því að fara yfir dagskipulagið myndrænt.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gerðar myndir í waldorf stíl sem að hangir upp á vegg og síðan annað sem stuðnings aðilar geti haft um hálsinn.
Ábyrgð	
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	ágúst ´26 til jan ´27
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á starfsmanna fundi í febrúar. Sérkennslu stjóri og viðkomandi deilda stjóri fara yfir skráningar stuðningsaðila og rýna ásamt þeim í niðurstöður af þeirri yfirferð.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að allt starfsfólk sé meðvitað um gildi myndræns dagskipulags og geti nýtt það í deginum til þess að auðvelda börnunum veruna í leikskólanum.

Umbótaáætlun Stjörnu

Deild/aldur barna	
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Hrynjandi í deginum og dagskipulag
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Fara skipulega yfir núverandi dagskipulag og hrynjandann í deginum með áherslur waldorf kennslufræðinnar að leiðar ljósi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gefa rými í deginum fyrir áherslur waldorf kennslufræðinnar.
Ábyrgð	Stjórn leikskólans og deildarstjórar Stjörnu og Mána
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október ‘26 til mars ´27
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Rýnifundir með deildastjórum. Fræðsla um áherslur stefnunar.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Farið verður eftir helstu kenningum innan waldorf kennslu fræðinar og metið hvort við séum á réttri leið með vinnu vetrarins á rýnifundum.

Deild/aldur barna	
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk deildana sé meðvitað um mikilvæi sjálfsprottins leiks og hafi þekkingu á að undirbúa rými, hafa til efnivið og gefi leiknum viðeigandi tíma í dagskipulaginu.
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sjálfsprottinn leikur
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fagfólk skólans mun leiðbeina starfsfólkinu í deginum og vera með fyrirlestra og vinnustofur
Ábyrgð	
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóv. 26 til mars 27
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Farið verður yfir árangur og athugasemdir á fundum og í viðtölum við deildastjóra og starfsfólk
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Stuðst verður við fyrirlestra og lesefni um leikinn.

Umbótaáætlun Norðurljósa

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útinám
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Útinám er stór þáttur í starfi Norðurljósa og stefnt er að því að efla það enn frekar.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Ath tækifæri á útisvæði. Hanna aðstöðu þar sem að börnin hafa aðgang að verkfærum sem hægt er að nýta í vinnu úti.
Ábyrgð	
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Janúar 2027- júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Rýnihópar þar sem að foreldrum er boðið að koma að borðinu. Ábyrgðin er í höndum deildarstjóra í samvinnu við deildar starfsfólk og stjórn skólans
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Farið yfir niðurstöður rýnihóps og borið saman við það sem stefnt er að í byrjun verkefnis.

F. h. stjórnar leikskólans

Sigrún Eiríksdóttir

_____ _____

Leikskólastjóri Dagsetning

Starfsáætlun 2026 – 2027

Waldorfleikskólans Sólstafa

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

xxxxx xxxxx
xxxxx xxxxxxx
xxxxx xxxxxx

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Fulltrúar í foreldraráði:

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní.** Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtöku skóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.


LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST